

II. árgangur, 1905

HEIMIR



HEIMIR

II. ÁR.

WINNIPEG, JÚLÍ, 1905.

NR. 7.

Að vera maður.

Ágrip af ráðu, fluttri í Unitarákyrkjunni í Winnipeg.

KÆRU VINIR:— Málefni það, sem vér vildum stuttlega í-huga í kvöld, er eitt þeirra margbrotnustu og erviðustu, sem heimurinn hefir bylt fyrir sér og leitast við að skilja nú í fjölda margar aldir.

Frá því maðurinn sjálfur fór fyrst að finna til afstöðu sinnar í heiminum, að hann væri hátt yfir dýrin hafin, hefir hann allt af verið að draga hinar og aðrar myndir, semja hinar og aðrar lýsingar, leggja fram hinar og aðrar kröfur um það, hvað það væri, að vera maður.

Spurningin er því gömul, og vér getum naumast búist við, að gjöra meira en færa fram nokkur þau svör, er menn hafa komið með, sem úrlausn gátunnar.

*

*

Frá því að menn fóru fyrst að færa hugsanir sínar í letur, fleyga þær á grjót, rita þær á leirspjöld, rista rúnir á tré, verður þessa hugtaks vart á undan öllu öðru. Fyrstu svörin eru mjög barnaleg og fávís eins og flest það, er frá fornöldinni kemur, og sýnir ljóslega, hve mönnum var greitt til svars um þá hluti jafnvel, er þeir þekktu sem næst ekkert, eins og enn er auðkenni þeirra, sem lítið þekkja, en er létt um að trúa.

Að vera maður, er að vera skapaður í mynd og líkingu guðs, sögðu hinir fornu Akadar, er byggð áttu suður með Persaflóa, og upp eftir þeim sögðu Babylónar það, og eftir þeim Gyðingar eða Semítar almennt. En hvað það var, að vera skapaður í

líkingu guðs, var næsta ervitt úr að ráða, jafnvel fyrir Gyðinga. Elohim var þeim svo lítið kunnur, og hann opinberaði sig fyrir þeim svo sjaldan, og þá ýmist sem skýstélpí eða dúfa eða mikið ljós, og sagði til sín að eins með þessu tvíræða svari: „Eg em hver eg em.“ Öldum síðar kveður eitt hebreiska skáldið, að maðurinn sé *litið óæðri en guð*.*

Meðal forn Egypta var maðurinn álitinn sonur guðs, það er að segja heldri maðurinn, herramenn og konungbornir, því ör-tignir menn, þrælar og útlendingar, voru til orðnir af sjálfu sér, voru ættartölulausir og því guðlausir að ríkislögum. Á vegg-spjöldum grafhvolfanna má lesa fjölda bæna til Ósíris eða Amen-Rha, þar sem þeir eru ávarpaðir sem faðir eða verndari eða lífgjafi eða dómari hinna dánu.

Líkt var og meðal Indverja og frumþjóðar vorrar. Þeir hugsa sérmanninn sem afkomanda guðanna, líkan þeim, er hlotið hafi lakari bústaði en þeir, og því smá hnignað, aldur hans stytzt, unz hann var orðinn að skammlífum skugga á jörð-unni. Það var aðallega mismunur bústaðanna, — Ásgarðs og mannheima— mismunur fæðutegundanna, ódáinseplanna, guða-veiganna og þess, er menn neyttu, sem skildi með þeim.

Í fám orðum sagt, svar allra heimsins frumþjóða var eitt og hið sama. Það að vera maður, var að vera líkur guðunum, skap-aður í þeirra mynd og líkingu. Spurningin var skoðuð frá hinni líkamlegu hlið tilveru mansins, og hin siðferðislega merking hennar var hvorki skilin né tekin með.

Eðlilega var útskýring þessi að jöfnu við hinar aðrar athug-anir frá þeim tíma. Menn kunnu að spyrja, en þeir kunnu naumast að svara, nema sem börn. Sköpunarsögurnar mörgu bera þess ljósastan vott.— Enda varð þar ekki staðar numið. Spekingar tóku við af spekingi— rannsakandi menn, er leituðu sannleiks og þekkingar með þeirri samvirkusemi og ástundun, að slíks eru færri dæmi nú. Hver kynslóðin tók við af annari, og þær sáu að í raun og veru væri öllu ósvarað, þótt sú niður-

x) Íslenzka þýðingin á 8. Sálmí Davíðs er ónákvæm, sbr. Revised Version ensku bíblíunnar.

staða væri fengin, að guð og menn væri sama eðlis, faðir og börn. Því með því að svara sjálfum sér á þann hátt, var spurningu ósvarað, spurningu, sem enn erviðara var úr að leysa en hinni fyrri, nefnilega: Hvað er guð? Menn leituðu svarts upp á þá spurningu. Ein öldin reif niður það, sem önnur byggði, og eftir því sem betur var um það hugsað, fundu menn hve skamti hugur þeirra tók. Eftir því sem undrasmíð alheimsins var bettur og betur íhuguð, varð guðsmyndin mönnunum meir og meir óljós. Hinrar fornu hugmyndir liðu undir lok. Persónugervi guðs var neitað, og nokkrir álitu, að hann væri andi, líf, eða sál ytri tilverunnar, er maður daglega sér. Aðrir jafnvel neituðu, að til væri nokkur guð, og í alla staði varð fjarlægðin meiri og meiri milli guðs og manna. Guð varð ólíkur manninum og maðurinn ólíkur guði.

Allar þessar skoðanir bergmála innan ritningaránnar á ýmsum stöðum. Hann er ekki eins og mannanna börn, stendur þar. Hann er ekki sá sem óguðlegt athæfi líkar. Hann er ekki eins og menn, að hann þurfi nokkurs með. Og að síðustu gengur bók Prédikarans út á algjörða neitun allra hluta.

Í stað þess að svara því, hvað það sé að vera maður, með því að segja, að það sé að vera líkur guði, urðu spurningarnar tvær: Hvað er guð? Hvað er maður? Og frá því tímabili, er ekki hófst alstaðar jafnsnemma, byrjar guðfræði og siðfræði í menningarsögu heimsins. Í hinum vestræna og norðlæga heimi byrjar þessi aðgreining fyrst til fulls hér um 400 árum fyrir vort tímatal, með Sókratesi. Vér þekkjum ekki guð augliti til auglitis, hvernig hann er eða hvar hann er; vér þekkjum hann að eins sem tilfinningu í sálunum, í hugskoti voru, í samvizku vorri. Þar talar andinn. En manninn sjáum vér, hann getum þekkt. Lærum því að þekkja sjálfa oss. Þetta var, eins og alkunnugt er, kenning hans.

Það er eftirtektarvert, að siðfræðis og mannfræðismálunum er á hvaða helzt tímabili sem er aðallega gaumur gefinn af þeim sem taldir eru vantrúaðir á rétttrúnaðarlærðómana. Þannig byrjar það um alla Norðurálfuna með þessum manni, sem vér minntumst á, er líflátinn var fyrir vantrú, fyrir að afvegaleiða

ungdóminn frá trúarbrögðunum, er í lögum voru, og kenna að jörðin væri dauður líkami og sólin steinn eða úr efni svipuðu og jörðin. Ástæðan meðfram er eflaust sú, að trúin heldur allt af meira í það, sem úrelt er og ósamboðið framþroskandi menningu. Hún meðhöndlars óvissuna, og óvissan verður að vissu, er grundvallast á hefðum og siðvenjum afgamals vana. Það virðast vera hennar helztu sannanir lengi vel, að það sem lengst hafi verið í meðvitund manna, sé hið sannasta og réttasta og beztu.

En eftir því sem meira er hugsað um hina mannlegu hlíð tilverunnar, eftir því missir hefðin og vaninn máttinn meira og meira, og þar af leiðandi trúin líka á allt yfirnáttúrlegt, og það an kemur stríðið, sem háð er öld eftir öld milli trúar og vísinda.

Eftir að menn fundu að spurningin, hvað það væri að vera maður, varð ekki umflúin né henni fullsvarað með því að segja að hann væri sem guð, fer að myndast ný hugsjón, sem í sér felur öll þau einkenni, er mönnum finnst vera sérkennileg fyrir mann. Það skapast snið, mynd eða hugargrip (type), sem er haldið á loft og bent á sem hina sönnustu mynd mansins á sínu fullkomnasta skeiði. Þessi ímynd felur í sér bæði sálar og líkams líf mannlegrar tilveru. Hann á að hugsa á vissan hátt, tala og breyta og framkvæma eftir vissum reglum, og takmarkið sem öll hans tilvera stefnir að, á að vera þannig reglubundið.

Pessar ímyndir eru fjölda margar, næstum að segja óteljandi. Það eru fáir og hafa verið fáir, sem allir hafa hugsað sér manndóminn eins, hver hefir haft sína hugmynd, ímynd þess, hvað það væri að vera maður. En eins og í öllu öðru, þótt ein-staklingana greini á, þá er það að eins í šmáatriðum, því í hópum hugsa þeir mjög líkt, sálarhæfilegleikarnir eru svo svipaðir, lítið sem einn skarar fram úr öðrum, að það er hægt að flokka þessar hugsjónir eða ímyndir niður í nokkra aðalflokka, eftir því sem menn hugsa sér þýðingu eða markmið mansins.

Pessir aðalflokkar verða nokkuð margir, og tökum vér hér sex þeirra, er allir eru að nokkru leyti skyldir hver öðrum en þó svo sérstakir, að hver er heild út af fyrir sig. Peir eru: I. Hin mannlega ímynd, eftir meginkeiningu gamla testamentisins, eins

og það hugsaði sér hvernig maðurinn væri. II. Mannleg ímynd eftir því sem kyrkjan orthodoxa kennir. III. Kristshugmyndin. IV. Hugmynd listamannanna. V. Skáldanna. VI. Nútíðarhugsjónin, eða eins og tilvera og stefna mannsins er skoðuð í ljósi nútíðarþekkingar, sérstaklega í ljósi breytipróunarkenningarinnar. Það eru og til enn fleiri „type“, er tilheyra sumum hinna útdauðu trúarbragða, líkt og hugsjónir hinna norrænu þjóða. Að vera maður, var að vera lifandi ímynd hreysti og drengskapar. Að bera aldrei „kinnasvipinn blauðann, að kunna rétt að fyrirlíta dauðann“, fyrirlíta alla móttöðu, brjótast gegn öllum erviðleikum, hlæja að allri hættu og lífsháska, að fara náttfari og dagfari um heiminn og boða öllum þjóðum þenna gleðibóðskap einurðar og djörfungar, ganga jafnt fyrir konung sem karl og segja ekkert nema sannleikann. En það er langt síðan að sú hugmynd hætti að vera til sem lifandi hugsjón. Hún þekkist ekki nú og því er hennar sjaldan getið, þegar þetta mál er íhugað.— Það var sagt á einum stað til forna, að yfirburðir gyðingsins væri miklir á allan hátt, en þó einkannlega þeir, að honum hefði verið trúáð fyrir guðs orði, og hið sama mætti segja um íslendinginn. Honum var trúáð fyrir þessari hugsjón og fengið það mál til að geyma hana á, sem nákvæmasti gat útskýrt hana. En eins og sveitarómagi var hún svelt í hel. Og nú er hún dáið með öllu hjá oss, austan og vestan hafs. Menn geta talað flaður og ósannindi án þess að skifta litum, en ekki sannleikann nema roðna ofan á háls. Pannig er því nú varið.

Sé nú stuttlega farið yfir aðaleinkenni þessara flokka, þá tökum fyrst þann, sem mest áhrif hefir haft til að breyta hugmyndalífi manna og stefnu og stjórnarfari. En það er sú ímynd, sem gamla testam. kennir að sé hin sanna ímynd mannsins.

I. Hið fyrsta, sem vér verðum varir í G. T., er, hversu lágt gildi er þar lagt á manninn sem tilveru og einstakling— algjörlega í samræmi við skoðanir þeirra tíma. Hann er fjötraður þræll kringumstæðanna, leikspil örlaganna og himnakonungsins —Jahve. Hann á engan rétt á sér nema að breyta sem honum er sagt, hlýða skilyrðislaust, og jafnvel þó hann hlýði skipaninni

veit hann ekki, hvort það leiði hann til gæfu eða ógæfu. Jahve forherðir hvern hann vill, og hvort heldur maðurinn fremur eitt-hvað í forherðingu eða að sjálfs síns ráðum, þá ber hann ábyrgð ina engu að síður, og honum er það jafnt til saka. Þessi bölsýni kemur alstaðar fram, en mest gætir hennar þó í hinum svo nefndu ljóðbókum ritningaránnar, sem Jobs bók og Sálmunum, t. d.: „Mundi menn vera réttlátir fyrir guði, sem búa í leirhúsum, sem reist eru á ryki? Þeir eyðast sem af möl. Fyr en við er litið tortýnast þeir gjörsamlega. (4, 17—20). Maðurinn fæðist til eynidanna eins og fuglsungarnir til að fljúga í loftinu(5,7). Dagar hans líða allir brott, þeir eru farnir á fljótum skipum eins og örн sem flýgur eftir æti (9, 25—6). Maðurinn af konunni fæddur lifir stutta stund og mettast af órósemi. Hann sprettur upp og fölnar sem gras, hann flýr sem skuggi (14, 1—2).

Þessi mynd er fremst og áhrifamest gegnum allt G.T., þótt þar kvenni einnig margra annara segurri og fullkomnari. Hún er sú sama og fram kemur hjá Múhamedstrúarmönnum. Enda er þar og litið eins á mannréttindin og manngildið. Þar er æðsta boðorðið að hlýða, enda dregur trúin af því naín. Islam-hlýðni.

Tilgangurinn með sköpun mansins verður því eftir þessum skoðunum sá, að hann er skapaður himnakonunginum. Jahve til dýrðar, að hann hafi mannfjölda yfir að ráða, er eftir skipunum hans breytti. Í fáum orðum, tilgangurinn er sá sami og hjá einvaldskonunginum, hann er ekki konungur, nema hann hafi konungsréiki.

Þessi bölsýnismynd hebreisku skáldanna af mannlífinu er ekkert furðuleg, þegar maður athugar ástand þeirra tíma,—þrælahald, einræði í stjórnarfari, líf og eignir jafnan í hættu,—en hún er naumast heppileg hugsjón vorra tíma, hvað maðurinn í sínu innsta eðli sé.

II. Ímynd sú, sem orthodoxa kyrkjan aðallega bendir á, eins og kunnugt er, sem hina sönnustu ímynd mannlegs fullkombleika, er Kristur sem líðandi og deyjandi maður. Það er Kristur á krossinum. Hún tekur þá hlíðina, hversu maðurinn öðlist fullkombleikann, undirgefinn þessum þungu álögum, er yfir honum hvíla, sem G. T. ákveður. Það er með því að líða,

vera sorga og rauna barn. Það innifelst allt í setningunni „gegn um margar þjáningar ber oss inn að ganga í guðsríki.“ Myndin, sem þar er dregin, er sú úr 53. kap. Esajasar. Þar er ytra útliti og lífarni og þjáningum þess lýst, sem orðinn er fullkominn vegna þjáninga og þrauta: „Á honum var engin fegurð, ekkert glæsilegt, ekkert sem oss gæfist á að líta, ekkert álitlegt sem oss fyndist til, . . . fyrirlitinn og af mönnum yfirgefinn, undirorpinn harmkvælum, auðkenndur af sárum, líkur manni þeim, er menn byrgja fyrir andlit sín. . . . Fyrir þær mannraunir, sem hann leið, skal hann njóta gnóglegra launa.“

Þessi ímynd þess, hvað það sé að vera maður, er mjög svipað hinni fyrri. Það er tekinn sem gefinn hlutur, að „maðurinn fæðist til eymdanna eins og fuglsunginn til að fljúga í loftinu“, að hann fái að eins lifað í eymd og þar fyrir öðlast sína æðstu sælu og fullkomnum. „Sundurkraminn andi og sundurmarið hjarta er guði þægileg fórn.“

Þessi hugsjón er í alla staði ónáttúrleg sem ímynd fyrir lífanda lífi manna. Það er ekki upphefjandi í framsóknarstríði mannsins, að taka sér til fyrirmynnar þann, sem er að deyja, þann sem í helstríðinu lætur höfuð falla sér á brjóst, öragna og yfirkominn af kvöllum. Æfi manna er með ýmsu móti, en hún er ekki eintómur dauði og eymd, frekar en hún er einn vor-draumur frá upphafi til enda.

III. Hin þriðja ímynd eða sú, sem stundum er kölluð Mess-fasar hugmyndin, er einhver sú fegursta, þegar hún er rétt skilin og fráskilin kyrkjukenningu. Það er ekki Kristur á krossinum eða sá niðurstigni eða uppstigni Messfas, heldur réttlætis og frelsis boðinn. Það er sá, sem aftekur ranglætið, lýgina, uppgjörðina undirferlið. Það er sá, sem talar einarðlega gegn yfirsíkinu eins og Jesús forðum: Þér eituormar og nöðrukyn, þér sem eruð innan eins og dauðra manna grafir, útsjúgið hús ekkna og föðurleysingja, launið gott með illu. Það er sá, sem lísknar sig yfir eymd og bágindi, er koma og stafa af röngu fyrirkomulagi, af vanþekkingu og vanmætti,— er verndar þá, sem grýta á í hel, og áklögus er af þjónum prestanna og skriftlærðra og segir til hennar: Hvar eru þeir sem ákærðu þig, er enginn

eftir, dóttir! Far og syndga ekki framar. Í fáum orðum, Messíasar ímyndin er sú, að tilgangur mannsins sé sá, að vera samverkamaður guðs, föðursins á himnum, vera réttlátur, auðsýna miskunsemi, mannúð, kærleika, bera sannleikanum vitni. Undir þennan flokk heyra margar kennigar umbótamanna fyr og síðar. Það er eftir þessu lögmáli, sem mannvinurinn rússneski vill lifa, og það er í þessum anda, sem trú vor vill líta á og meðhöndla flest mannfélagsmál. Það er að dæmi Jesú, ekki á sama hátt, ekki með sömu aðferð og hann notaði, sem frjálstrúarhreyfingin vill veita meiri hlýleika, sanngirni, réttvísi og mannúð inn í heiminn, og fá menn til að taka upp þá hugsjón og leggja sér hana til fyrirmynadar, svo þeir verði að *mönnunum*.

IV. Í mannúðar áttina stefnir og hugsjón listamannsins, sú ímynd mannlegrar tilveru, er hann hugsar sér. Saamt er hún mikið á annan veg, því í stað þess að áherzlan hvíli á því, sem rétt er, er það, sem fagurt er, takmarkið, sem hann manninum setur. Fegurð, fullkomnun á þá hlið tilverunnar, er það lögmál, sem hann setur manninum,— fagur líkami, fagrar, næmar, skarpar tilfinningar, björt, frjáls og fögur sál. Það er að vera maður, ekki eingöngu að vera slægari en öll dýr merkurinnar og ganga á uppréttum fótum, heldur og að vera fegursta tilveran á jörðinni. Það hefir stundum verið sagt, að ímynd mannlegs ágætis, eins og listamaðurinn hugsar sér það, sé ekki nauðsynlega siðferðisleg hugsjón,— aðaláherzlan hvíli á fullkomnun til líkamans. En hver, sem nokkuð þekkir inn á eðlisfræði, heilbrigðisfræði og hin ríkjandi lög náttúruríkisins sjálfs, getur fljótt komist að þeirri fullvissu, að fegurð er ómöguleg án eðlilegs siðgæðis. Fegurðarhugsjónin er því í sínu innsta eðli siðferðisleg hugsjón. Hreinlæti, til hugsana, í breytni, í búningi, er skilyrðislaust fyrsta krafan, án þess er ekkert fagurt. Mörg svo nefnd siðgæðisregla er þar með ekki innifalin, en það eru líka margar siðgæðisreglur, sem eru verri en nafnið tómt, og þrælka bæði líf og sál.

V. Hin fimta ímynd, sú sem tifðast finnst í skáldskap, er nokkuð áþeppk þessum síðustu. Það er fegurðar en um leið *sæklar*, sem þar er krafist. Þar er áherzlan lögð á það að *njóta*,

vera sæll, ýmist í hinu óvirkilega draumalandi, er skáldið smíðar sér sjálft til þess að umflýja virkilegleikann eins og hann er, eða þá með því að ganga í opíð berhögg við allan tíðarandann og kringumstæðurnar. Sá er fullkomnastur maður, sem er saelastur, og maðurinn á heimting á sælu, lífið ber það í skauti sínu fyrir þann sem vill og þann sem þorir.

Pessari hugsjón hesir stundum verið fundið það til foráttu sem tilgangi mannlegrar tilveru, að hún væri of efnislaus til þess að geta átt nokkursstaðar heima. En svo virðast þau mótmæli hafa mjög lítið til síns máls vegna þess, að hvar sem á er lítið, hvort heldur á baráttu þá, sem menn heyja fyrir tilverunni, eða kenningar þær, sem trúarbrögð heimsins koma með, þá er þráin og eftirsóknin alstaðar ein og sú sama, — að verða sæll. Engin trú fær áheyrn, sem ekki heitir sælu, engin lög, sem ekki heita launum, og það er kannske nokkuð langt gengið að segja, að engin velgjörð sé svo gjörð, að ekki sé ætlast til endurgjalds í einhverri mynd, þakklæts ef ekki meira.

En það sem oft er að þessari hugsjón fundið sem lögmáli tyrir mannlegri breytni er það, að hún heldur ekki nóg í taum við mannlega eicingirni. Kenningin verður stundum ósiðferðisleg, þegar farið er að fylgja henni án tillits til þjóðfélagsins eða samferðamannanna. Maðurinn á heimting á sælu, en því að eins að hann baki engum öðrum eynd. Það á enginn rétt til annars sælu og vellíðunar, né heldur rétt til að steypa honum í ógæfuna. Goethes boðorðin eru ósiðferðisleg í alla staði, ófögur og ranglát. Mannleg eicingirni, mannlegur ofmetnaður er of oft samfara breytni og lífernir þeirra, sem gjöra sæluna að sínu æðsta takmarki. Sælan er of oft að eins líkamleg nautn bæði í trú og ljóðum.

VI. Hin síðasttalda ímynd þess, að vera maður, eins og þekking og nútíðar skoðanir á heiminum benda til, er of umfangsmikið mál, að það verði útskyrt í fáum orðum. Í þeirri ímynd eða hugsjón eru faldar að jöfnum hlutföllum þrjár hinar síðasttoldu, réttlætishugmyndin, fegurðar og fullsældar. En þar er og meira. Þar er hin vitsmunalega hlið fremst og fyrst.— Skyldur mannsins gagnvart tilverunni eru, að hann noti vit sitt

og vilja í þjónustu þess rétta og sanna. Skyldur tilverunnar við manninn eru, að hún veiti honum fullnægingu allra sinna þarsa. Það er hin alfullkomnasta ímynd mannglegrar veru, að *sjá og skilja* þetta líf, njóta fegurðar og sælu þeirrar, sem réttlæti og bróðurkærleikur getur veitt, og láta sjálfur hið sama úti, gjöra það sem rétt er yfirlætis og hrokalaust, og sýna ætíð sannan manndóm með hreinum, heitum og lifandi tilfinningum. Hver sem það gjörir er bæði säll og fagur. Hver, sem því stigi nær, hefir komist mjög nálægt því takmarki, er öll sönn siðmenning stefnir að, er lögmál allrar tilverunnar stefnir að. Hann þarf ekkert að óttast. Yfir þessari hugsjón hvíslir nú morgunroði komandi alda. Hún er máske allt of mikil, að henni verði fullnægt strax, en hún kemur, svo íframallega sem drottinn lifir. — Sú kemur tíð, að maðurinn verður að manni, þótt margan vanti nú dáð og þrek og drenglyndi til að sækja fram að því marki.

Trúmálaufundir í Winnipeg.

Nú í þessum mánuði (ágúst) voru haldnir 2 trúarsamtalsfundir hér í bænum af prestum lúth. kyrkjufélagsins íslenzka. — Umræðuefnið var um guðsþjónustuhald í heimahúsum. Vér vorum á hvorugum þessum fundi og getum því ekki gefið fullt yfirlit yfir það, sem gjörðist þar, og verðum því að segja að eins frá því, eins og oss var sagt það. En ástæðulaust er að efa, að ekki hafi rétt verið skýrt frá.

Aðallega var rætt um það, hvaða snið ætti að vera á þessum heimahúss guðsþjónustum, því það var bein skipun frá prestanna hálfu, að þær væri teknar upp þá tafarlaust. Nokkrir vildu að guðsþjónustan væri innifalin í borðbæn, aðrir að kveldsamkomur væru hafðar einu sinni í viku og enn aðrir að messað væri yfir heimilisfólkinu heima hjá því á hverjum degi.

Kvartað var um erviðleikana að koma þessu í framkvæmd, því það væri svo andstætt að ná jafnvel heimilisfólkinu saman á

nokkrum vissum tíma dagsins, þar sem bæði væri menn við verk sitt og börnin þá úti um allt. Helzt var álitid, að kveldid yrði heppilegasti tími, því þá væri allt vinnandi fólk heim komið, og þá ekki eftir nema börnin, og vinnandi sök að hafa þau saman. Einn gjörði þá tillögn, að borgarstjórnin væri fengin til þess, að hjálpa til að koma þessu á, — að hún léti hringja klukkum að kveldinu, er gæfi Íslendingum til kynna, að nú ættu þeir að fara heim og bæna sig, og að börnum þeirra væri þá bannað að vera úti eftir það.

Næst var rætt um hvenær og hvar skyldi byrjað, og kvört-udu sumir sáran yfir því, að til þessa hefði þeir naumast treyst sér til að koma slíkum bænasamkomum á heima hjá sér sökum breyzkleika holdsins, en þó ætluðu þeir nú að herða upp hugann og reyna það. Nokkrir buðu að byrjað væri á sér.

Þá var mikið rætt um, ef slíkar saumkomur kæmist á, hvernig þeim yrði viðhaldið, svo þær legðist ekki niður. Talið var snjallast, þar sem foreldrar vanrækti þær skyldur, að láta börn-in sjálf gjöra það, og í alla staði að hlýða börnunum yfir það í sunnudagsskólunum, hvað oft þetta hefði verið gjört yfir vikuna. Og þar sem það sannaðist, að engin bænahöld hefði verið fram-in, þá að heimsækja þau hús og vanda um við húsráðendur.

Petta var aðal innihald beggja fundanna, og mun mörgum hykja fróðlegt að heyra, uppá hverju verði næst fundið. Það þykir mörgum helzt til langt gengið af kathólsku kyrkjunni með syndajátningarklefunum. En vér viljum spyrja menn með heilbrigðu viti, hvort hér sé þó ekki stigið feti framar, ef fara á að kúga óvita börn til þess, að bera sögur út af heimilunum og á-klaga foreldra sína fyrir prestunum? Eða þá að vera reknir í rúmin, fulltíða fólk, með ofstækis bænum og sálmasöngvum á hverju kveldi. Það er víst fáheyrt nú á þessari öld. Sjálfsgagt lærist mönnum þé að beygja sig undir þetta — með tímanum. En heldur virðist það snemmt að byrja strax á að kenna þeim þessa lexfu, áður en þær frá fundunum í veturn sem leið eru full-lærðar, þær: „Þegiðu, — gakk í söfnuðinn, — fáðu oss allt sem þú átt. — „Lestu bænirnar þínar og snásáðu í fletið“ er viðbótin fram að næsta framhaldi. Hvað kemur svo? —

Þrjú kvöld í Winnipeg.

BROT ÚR SKÁLDSÖGU EFTIR

Snæ Snæland.

II.

(ÁFRAMHALD)

Svo datt mér í hug, hvað mundi liggja fyrir þessari öldruðu konu. Hún var auðsjáanlega starfskona og myndarleg. Ætli hún yrði rík á landbúnaði eða á þvottavinnu í borginni? Eða skyldi fara líkt fyrir henni og manninum hennar, að hún kæmst nokkrar tröppur upp í mannvirðingastiganum,— yrði stoð og styrkur einhvers kyrkjufélags, og færi „í kring“ til þess að safna brauði í einhverja átveizluna, selja aðgöngumiða og síðan prika sig upp tröppu úr tröppu, og öðlast lof og hrós hjá sálusorganum sínum, fyrir hve fengsöm hún væri og stæði framarlega í allri starfsemi hins góða málefnis. Eða skyldi maðurinnn hennar deyja, sonur hennar tapast, dóttir hennar giftast enskum lorð, frönskum aðalsmanni, þýzkum barón, ftölskum matsala, kínverskum þvotta-kaptein, japönskum fúskara í málarialistinni eða garfara úr Rússlandi, og hún gamla konan verða manna þurfiandi, og stjórnin af náð og miskunsemi senda hana á hæli hinna ólæknandi,— og þar dæi hún í einveru og lífsleiðindum, gleymd af öllum og óþekkt þar á meðal fólks.

Mér fannst fólkioð vera svo ráðvendnislegt og óafvitandi um virkileikann, sem biði þess hér, að eg óskaði af heilum hug, að því gæti liðið vel í þessu nýja landi, sem það með yfirveguðu ráði eða agentaráðum væri nú komið til.

Eg var ekki kominn lengra í þessum hugrenningum, þegar Lára kom til mínn. Hún var írð á svipinn og fór allgeysilega, og sá eg að eitthvað meira en lítið var um að vera. Hún tók til máls á þessa leið:—

„Nú er eg svo sem aldeilis steinhissa. Geturðu ekki séð eða glápt á nokkuð annað en þessa blóðrauðleitu sveitastelpu frá Íslandi. Eg held þú sért genginn at vitinu. Nú, þú ert genginn af vitinu maður. Heyrirðu ekki, að eg er að tala við þig maður. Hvað þú getur látið kjánalega, aula- asnalega, ef

þú ert annars ekki genginn af vitinu. Sérðu ekki maður, hvað hún er ógeðsleg, feit, digur og kafrjóð, hvað hún ber sig illa, rétt eins og hún standi í kvíum á Íslandi. Þú ert barasta asni, að líta á hana,—eg get ekki liðið það. Heyrirðu hvað eg er að tala? Þú ert þó líklega ekki orðinn mállaus,—skilurðu mig?"

Eg hló að henni og stríddi henni, samt eins vægilega og eg gat, og sagði henni svo hvað eg hefði verið að hugsa um, og þá reiddist hún aftur, að eg hefði ekki sagt sér það nógu fljótt, því hún dauðsá eftir, að láta mig fá þetta tækifæri að hlæja að sér, því hún vildi ómögulega, að eg hefði ástæðu til þess. Og það mótti sízt af öllu minnast á, að íslenzku stúlkurnar væru flestar fallegri, þegar þær koma frá Íslandi, en þegar þær höfðu verið í Ameríku nokkur ár. Við skildum samt í dágóðri sátt og samlyndi. Eg fór með næstu lest vestur aftur. Það voru fáeinir landar með þeirri lest, sem voru að fara heim af fylkissýningunni. Eg var þeim ókunnur, og þeir tóku ekki eftir mér nema sem hverjum öðrum ferðamanni.

Sérstaklega veitti eg einum Íslendingi eftirtekt. Hann var all unglegur maður og örgerður, talaði einlægt og talaði sunnlenzkt mál. Hann talaði lengi um Ísland og baslið þar. Gamall bóniði talaði gegn honum og lagði landinu liðsyrði að ýmsu leytí og færði rök að máli sínu. Hinn kvaðst hafa komið til Ameríku fyrir þremur árum. Nú væri hann orðinn verslunarmaður í allstórum bæ vestur í landi, og væri á góðum vegi, að verða vel efnaður maður, því hann hefði óbilandi lánstraust hjá hérlandum mönnum. Hann sagði að landið væri ekki „benytanlegt“ fyrir nokkurn skapaðan hlut. Þó hélt hann, að þar mætti reka eina atvinnugrein, sem engum hefði dottið í hug nema sér, og kvaðst jafnvel vera fús á, að fara heim eftir tvö þrjú ár og prófa þá atvinnugrein. Vitaskuld þyrfti bæði \$10.000 og svo að reka „bisnessið í bedriffelsi“. Fyrirtækið væri að koma upp tóurækt. Hann kvaðst helzt að hugsa um að kaupa Höskuldsey. Hún lægi langt undan landi, og þar kæmi aldrei hafís né lagfís. Hann hélt ef hann fengi tvö hundruð tóur, mest hvolpa, þá yrðu þær orðnar eitt þúsund eftir tvö ár. Þá gæti hann stútað tveimur-þremur hundruðum, og hafa þær allar mórauðar, þá fengi hann

4000 til 6000 kr. fyrir skinnin; eftir fimm ár gæti hann hæglega haft refskinnaverslun, sem næmi 10,000 kr. á ári, og líklega miklu meira. Þetta væru meira en litlir peningar.

Gamli maðurinn hélt að hann þyrfti töluberða peninga til að fóðra allan þenna refasæg. Og svo þyrfti hann að kosta herskip við eyna mestan hluta úr árinu, svo duggarar stælu tóunum ekki. Þeir hefðu stundum hirt minna en nokkur þúsund af mórauðum tóum. En verslunarmaðurinn gerði ekkert úr þeim fjarstæðum. Hann var einn þessi maður, sem reiknaði eftirkjuna á undan kostnaði og fyrirhöfn, eins og sumir Ameríku-menn gera, að sögn Gyðinga.

Eg held eg hafi sofnað undir þessu tali. Eitt er vist að eg heyrði verslunarmanninn ekki lengur, og man ekki eftir að hafa sýð þessa umræddu landa síðan.

Mér var farið að leiðast að vinna í fjöllunum ár eftir ár. — Það er allt annað en hættulaus vinna, að hanga á sillum og hillum, þar sem hengigljúfur og fossandi vatnsföll eru neðan við. Enda fer þar margur maðurinn, sem almenningur veit lítið um, því félagið er ekki að kalla upp með það, þótt einn eða tveir gangi fyrir ætternisstapann. Snjóflóð á vetrum og aurskriður á sunnum eru þar algengir gestir, og sópa öllu sem fyrir er. — Því þurfti eg að leggja mig í lífs og limahættu þarna? Eg sagði féluginu upp vinnu. Það vildi ekki að eg fær, en eg kvaðst verða að fara vegna heilsuveiklunar. Það var líka satt. Eg var farinn að bila yfir höfðinu,— farið að sundla, sem eg átti ekki vanda fyrir.

Félagið bauð mér síðan stöðu við vörufreigreiðslu í Winnipeg. Eg þáði þóðið og var þar um hríð. Fyrstu árin þekkti eg nær því enga Íslendinga. Eg ætlaði mér heim til Íslands fyr eða síðar, og hugsaði að fara eins og eg kom, öllum samlöndum ókunnugur.

Skömmu eftir komu mína til borgarinnar fann eg Láru.— Hún stundaði sauma sem áður, og bjó ásamt fleirum stúlkum í marghýsi á Katrínarstræti, en það er nær því í miðjum norðurhluta borgarinnar, ekki stórt stræti, en var fyr á dögum nokkuð söguríkt í sambandi við Íslendinga, bæði þá sem stunduðu guð-

spjallamál og pólitík. En þegar hér var komið sögunni, var sögufrægð þess fyrir löngu til viðar sígin.

Lára hafði margþeðið mig að koma heim til sín einhvern tíma. Eg hafði aldrei tíma til þess nema helzt á sunnudögum. Þegar eg hafði verið hálst annað ár í bænum, hét eg loks komunni við fyrstu hentugleika, og efndi það líka.

III.

Það var seinni part sunnudags, sem eg lagði af stað að finna Láru. Mig minnir það væri að vorlagi. Veður var hráslagalegt og gangstéttir leirbornar og sleipt undir fæti. Loks komst eg til hins fyrirheitna staðar. Þar var enginn úti. Eg drap þegar að dyrum. Á augabragði komu þrír hundar, sinn úr hverju skotinu, og ætluðu alveg að gleypa mig. Eg reyndi að tala við þá, fá þá til að vera síðlega, en það var öðru nær en það tækist. Þeir vissu að þeir voru heimaríkir varðþjónar í sínum kongaríkjum, en eg farandi maður. Það voru ekki tiltök að reyna að berja aftur. Það hefði þýtt sama og lófaklapp framan í fallbyssurnar hjá Rússum og Jöpum. Hvílik þó háreysti og heimaríki. En þetta varð mér að meira láni en mig varði. Í hendingskasti er dyrum upp hrundið og út gengur kona. Hún var mikil vexti og atkvæðamikil í mannaunum. Hún hóf þegar raustina og talaði svo rösklega, að seppar urðu skjótt undir það sem hávaðann snerti, en drykklanga stund tók það hana að láta þá þagna og skilja það, að eg hefði heimild til að tala við sig. En ekki hætti hún hirtingarræðunni fyr, en þessir vargar skönmuðust sín fyrir ósvífnina. Hún atyrti Mr. Dosy mest, því hún sagði honum útþrykkilega, að hann ætti að bera sig fyrir um móttökur og siði, þegar heldri menn bæri að garði. Hún kvaðst taka minna mark á þeim Mrs. Nellie og Miss Handsome þótt þær geyjuðu dálítið, en hann, höfuð familíunnar, ætti að vita gestlegan greinarmun. Jú vissulega, og svo stappaði hún niður fætinum og skipaði þeim að skammast og skammast sín til eilíðar, —blessi mig. —

Eg var þolinmóður og hissa, en þó hálfneysptur vegna þess að eg var orsókin í þessum hundahirtingarleik. Mér datt í hug

ein mansöngsvísan í Brávallarrímum, sem hljóðar svona—:
 Vestur í álfum vegleg borg
 virðar segja standi;
 þar eru hallir, hús og torg
 og hundar sígeltandi.

Óðara og hún fékk tíma til, tók kona þessi kyeðju minni. Eg spurði eftir Láru. Nei, Miss Edward var ekki heima. Hún hafði brugðið sér til kunningja sinna, en var væntanleg heim fyrir kyrkjutíma, en það er klukkan sjö á kvöldin. Hún bauð mér að bíða hjá sér þangað til Miss Edward kæmi. Eg þá það. Hún fylgdi mér inn í setustofuna, og spurði þegar, hver eg væri og hvaðan eg væri, og talaði svo fljótt og áfergilega, að eg hafði ekki tækifæri að svara nema rétt endrum og sinnum. Samtalið hljóðaði á þessa leið:

„Ja, svo þú ert Mr. Arnfinnsson, en hvað það er stirt og klunnalegt nafn, ja, hreint óbrúkandi, því enskum gengur svo illa að bera þessi gömlu íslenzku nöfn fram. — Jú, eg ætti að kannast við þig, skyldi það nú ekki, eg er bara standandi forviða, hvað þú ert ásjálegur maður, og ógiftur ennþá. Jú, Miss Edward hefir oft minnst á þig við mig, við höfum búið svo lengi saman. Þið eruð náskyld og uppeldissystkin og máske meira og meira, sem maður segir nú ekki við ókunnugan pilt. Það er ekki svo að skilja, að við Miss tölum mikið um pilta, síður en svo, og þeir koma líka fáir að heimsækja okkur hérna, og við kærum okkur kollóttan; þeir eru fáir svo skemmtilegir, þessir ógiftu glánar og draslarar. Samt hefi eg ætið gaman af að sjá og tala við myndarlega og stillilega pilta, eins og þú kemur mér fyrir sjónir.“—

„Þú munt vera húsmóðirin hérna?“

„Húsmóðirin hérna! Hverja tekurðu mig fyrir? Kerlingarleg er eg, en samt hefði mér aldrei komið til hugar, að þú tækir mig fyrir gifta konu eða ekkju. Skárra er það. Nei langt frá. Eg er ein af „borðstulkunum“ hérna, og hefi aldrei giftst. Viltu bara geta upp á, hvað gömul eg er. Eg hefi gaman af að sjá, hvað nær þú ferð um það. Viltu barasta segja mér, hvað gömul eg er.“

„Ó, eg veit ekki, það er aldrei létt að geta upp á aldri kvenna, sízt ógiftra, því þær muna hann sjaldan upp á hár. Þú munt vera þrjátíu og átta ára eða rúmlega það.“

„Nú get eg svo alveg gengið af vitinu, þrjátsu og átta ára! Skárri er það aldurinn. Nei, gömul er eg, en ekki það. Eg get varla talað við þig. Eg er rúmum tíu árum yngri en þú hyggur. Eg kom hingað tuttugu og átt—, nei nei, tuttugu og eins árs, og hefi verið sjö ár hér, eins og Miss Edward getur sagt þér. Þið eruð svoddan óhræsi, piltarnir. Þið hugsið allar stúlkur tíu tuttugu árum eldri en þær eru. Þið ættuð að vita hvað þið eruð gamlir sjálfir.“

Niðurlag.

Mikið er það, sem mennirnir gjöra, ef dæma má af frétt þeirri í ágústnúmeri Sam., að einn af sunnudagsskólakennurum General synódunnar lúthersku í Philadelphia, Schodde að nafni, sé búinn að „hrekja hærri kritikar kenninguna algjörlega“. Það er meira þrekvirki en nokkrum hefir tekist hingað til, og hefir það þó verið reynt. Það er annars merkilegt hvað mönnum dettur mörg vitleysan í hug, og hvað margir verða til þess, að hlaupa með það. Aðili þetta verði nú áhrifameira en það annað, er notað hefir verið til þess að aftra mönnum frá að lesa bíblíuna í ljósi skynseminnar, þó einhver Skotti austur í Philadelphia þykist hafa sannað það. að allir hinir frægustu vísindamenn heimsins hafi farið með ósannindi.

Fyrirlestur Dr. Dix um „Unitaravantrúna“, sem nú er að koma út í Sam., verður athugaður, þegar hann er allur kominn. En vel væri það gjört, ef þýðandinn vildi skýra mönnum frá því, á hvaða þingi þessi fyrirlestur var fluttur, því það eru haldin fleiri en eitt þing í þeirri borg árlega.

Mikli maðurinn undirstaða menningarinnar.

FRUMSAMÍÐ OG ÞÝTT.

Eftir SIGTRYGG ÁGÚSTSSON.

(Niðurlag.)

Ef til vill væri ekki fráleitt, að skifta miklu mönnunum fyrjá aðalflokka:

1. Menn, sem hafa framleitt verk, er hafa ævarandi gildi svo sem stjörnufræðinga eins og Kepler og skáld eins og Shakespeare, uppgötvara sem Fulton og Guttenberg eða tónskáld sem Mozart og Beethoven.

2. Þá sem frelsa þjóð sína frá einni eður annari ógæfu, svo sem Jóhanna frá Orleance eða Pasteur.

3. Menn eins og Napóleon Bónaparte, þó í raun og veru virðist, að hann hafi unnið heiminum meira tjón en gagn, og væri orsök í kvöllum og dauða manna svo þúsundum skifti.

Vér getum ekki seitt fram mikla menn eða mikinn og stóran anda (genius), það vita allir, því það er engin aðferð til, til þess að mynda andagiftina, en hitt getum vér gert, að veita henni skilyrði fyrir þroskun og framþróun.

Menn geta látið það vera, að kæfa niður og hindra á alla vegu þroska og framþróun andlegra hæfileika, þ. e. a. s., fara ekki eins með þá og Englendingar fóru með Shelley eða Þjóðverjar með Hölderlin og Heinrich v. Kleist. Það, sem því er um að gera, er það, að kenna og innræta fjöldanum það, að hann hefir skyldur að inna af höndum gagnvart miklu mönnunum, að hann á að halda sér í skefjum með sleggjudóma sína um það, er hann ekki þekkir eða skilur; en þessi kennsla gengur fremur seitnt. Það, sem einnig er mest um að gera, er það, að þeir, sem kallaðir eru menntaðastir og hafa völdin með höndum, skilji það og sé það full ljóst, að þeir eru ekki settir til þess, að stífla og grugga upp strauma menningarinnar, heldur til þess, að vaka yfir þeim og beina þeim í réttan farveg. Enginn stjórnmála eða embættismaður neins ríkis eða þjóðfélags getur fram-

leitt eða myndað menningarstraum annara,— það er áreiðanlegt, en gáfaði maðurinn finnur þá, hinn finnur einhvern skyldleika með sér og öðrum miklum andans mönnum, sem gerir það að verkum, að hann uppgötvar þá og skilur löngu á undan öðrum. Ef til vill getur maður allt af fundið frjóanga andlegs atgervis, en það skortir að eins skilyrðin fyrir vexti þeirra og viðgangi. Öllum er það sjálfsagt augljóst, að Beethoven hefði aldrei orðið Beethoven, ef hann hefði verið settur niður á barnsaldri meðal villimanna á Suðurhafseyjunum og láttinn alast þar upp.

Að ekkert hefði orðið úr Schopenhauer hjá þeirri þjóð, þar sem afturhaldsstraumarnir eru stærstir og stríðastir, er álíka áreiðanlegt; hann hefði þar aldrei getað leyst af hendi annað eins verk eins og „Die Welt als Wille und Verstellung.“ Ef Nietzsche hefði verið fæddur og uppalinn í Rússlandi, mundi hann fljótlega hafa fengið menn svo á móti sér, að hann hefði ekki fengið nokkurn til að gefa út bækur sínar.

Að veita mikla manninum eða réttara sagt anda hans og hugsjónum fullt svigrúm og skilyrði fyrir þroskun var það, sem hertogar, kongar og páfar eitt sinn álitu sitt aðalmarkmið. Auðvitað gátu þeir aldrei framleitt mikinn anda eða búið til stóran manna eða hugsanaskörung, en fyrirkomulagið gátu þeir þó haft þannig, að honum varð auðið að vaxa og þroskast.

Að sjálfsögðu hefði Michel Angelo orðið sá maður, sem hefði myndað nýtt tímabil í sögu listanna án Júliusar II. páfa, en án hans hefði hann aldrei skreytt sixtinsku kapelluna, og ef til vill aldrei búið til neinar veggmyndir.

Á 18. öldinni var stórhertogadæmið Weimar, áður en Karl August kom þar til valda, á borð við eina sýslu, en þetta litla hertogadæmi gaf þó 4 hinna stærstu andans manna þeirrar tíðar andlegan vöxt og viðgang. Einmitt á meðan menn sem Wieland, Herder, Goethe og Schiller voru saman komnir innan landamæra þess, ráku sumir af stjórnendum stórþjóðanna hina atkvæðamestu menn sína úr landi, í staðinn fyrir að gera andans hæfilegleika þeirra svo frjóvgandi og arðberandi fyrir menningu þessara þjóða. Goethe segir, að hefði hann ekki farið frá Frankfurt til Weimar, þá hefði ekki verið meira um sig að gera.

Eins og stjórnarfyrirkomulagið í Prússlandi var fyrir einum mannsaldri síðan, þurfti Bismarck ekki annað en sannfæra einn einastamann, Wilhjálm keisara I., til þess að komast til æðstu valda; hefði átt að kjósa hann af nokkrum mönnum eða af allri þjóðinni, þá hefði hann að líkindum aldrei komist til þessara valda, og undir lýðstjórnarfyrirkomulagi, eins og nú er á Frakklandi, hefði honum að líkindum verið steypt úr völdum strax árið eftir. —

Sómi meðal presta.

(ÞÝTT ÚR „LITERARY DIGEST“, 13. SEPT. 1905)

Í embættisbréfi, nýútgefnu af biskupum prótestantisku biskupakyrkjunnar, stendur meðal annara orða: „*Finni cinhver til þess, hvaða stöðu sem hann kann að halda innan kyrkjunnar, að hann hafi misst trú á grundvallarsannindum hennar, þá í uafni dáðar og drengskapar annaðhvort þegi hann yfir því eða segi sig úr kyrkjunni.*“

Skipun þessi,— segir Dr. A. S. Crapsey, er ræðir innihald þessa bréfs í tímaritinu „Outlook“,— hlýtur að vekja þá spurningu, hvað sómatilfinning presta og annara kennimanna bjóði þeim í þessu efni,— hvort þeir sóma síns vegna fái þagað um sín eigin sannfæringarmál og haldið áfram að kenna hið gagnstæða.

Hann álítur, að verði presturinn þess víð, að hann sé orðinn hjátrúa við trúarjátningar þeirrar kyrkju, sem hann hefir tekið vígslu í, þá sé það hvorki skylda hans að þegja yfir því né segja sig úr þeirri kyrkju. Öllu heldur sé það skylda hans að préðika sannleikann hlífðarlaust, en láta aðra ráða þar fram úr, hvort skoðanamunur hans og þeirra sé svo stór, að framvegis vilji þeir ekki viðurkenna hann sem kennimann innan þess félagsskapar.

Sú var aðferð þeirra: Wesley, Luthers, Páls frá Tarsur og

Jesú, segir ritstjóri Outlooks í ritstjórnargrein, þar sem hann tekur í sama strenginn og Dr. Crapsey og enn fremur bætir því við: „Og það má vel vera, að það sé skylda kristins kennimanns, að ganga til aftökustáðarins möglunarlaust, en aldrei að eilísu skylda hans að láta þróngva sér til „*harikiri*“ (þ. e. að leggja hönd á sjálfan sig).“

Í setningu þessari, sem tekin er úr bisкупabréfinu, sprýr svo Dr. Crapsey hvað sé eiginlega átt við með stóryrðunum „*grundvallarsannindum*.“ Sjálfur segist hann vera sannfærður um af langvarandi kynningu sinni á *orðadagi guðfræðinga*, að hér sé breint ekki átt við þau grundvallar atriði trúarinnar, sem komi fram í kenningum Jesú sjálfss í „Faðir vor“ og Fjallræðunni né hinum tveimur lagabodorum, heldur sé það viss söguleg atriði, svo nefnd, heimspekilegar hugmyndir, trúfrædisleg ákvæði, sem komin sé frá nálægri eða löngu liðinni fortíð, þessi „sannindi“, sem hér sé um að ræða, atriði sem komist hafi inn í trúarjátnigar og játningarit hinna ýmsu kristnu kyrkjudeilda bæði katólskra og protestantiskra. Það eru trúarjátningarnar mörgu og löngu þessi „grundvallarsannindi“, sem biskuparnir nefna svo, en ekki kenningar Krists.

Og svo heldur hann áfram:

„Ef presturinn verður þess víð með rannsóknum sínum, að engar sannanir sé til fyrir þessum „sannindum“, ef hann upp-götvar það, að flest hinna sögulegu atriða trúarjátninganna og síðaregla kyrkjunnar hafa við enga sögulega viðburði að styðjast; ef það verður uppvist að goðsagnir, þjóðsagnir og dæmisögur forn Hebreia og fornkyrkjunnar, rúðar helgiskrúðinu og trúar-óttanum, verða í ljósi hinna nýrrí rannsókna að algengum kynjasögum, og enn fremur, ef flestar hinna heimspekilegu hugmynda trúarjátninganna virðast ekkert meira né merkara en hugarsmíð manna, er lítið skynbragð báru á rökfræði og enn minna þekktu til lögmáls náttúrunnar, og svo að síðustu, ef trúaratríðin sjálf ganga í berhögg við heilbrigða skynsemi og samvizku manna, — þá með vitnisburði sögunnar, skynseminnar og samvizkunnar á móti sér, hvað á vesalings maðurinn að taka til bragðs?“

Biskuparnir segja, að þegja eða segja sig úr að öðrum kosti.

En hvorugt er réttlátt.

Við það að halda fast í þessar mölbrotnu kennigar og dogmör eyðileggur maðurinn hjá sér allt sannleiksgildi, alla skynsemis eiginlegleika, þótt honum máske takist á endanum að kæfa niður hjá sér alla efasemi og honum lærist að hugsa og trúa upp á gamla móðinn. Að sjáltsögðu fer sá maður fyrir slíkt áræsi ekki á mis v:ð sín laun. Áður en varir finnur hann að nafn sitt er skráð í „lífssins bók“ hinna „meinlausn og hættulausn“ manna og honum er trúð fyrir hinum æðstu embættum kyrkjunnar.

En hann hesir keypt þá virðingu dýru verði. Hann hesir þar selt við alla sína andlegu og vitsmunalegu menningu. Hann getur úr því ekki framar talist hugsandi né rannsakandi maður, heldur sá sem alla jafna bregður fyrir sig afsökunum og vörnum. Eftir það leggur hann alla sína andlegu atorku í að grafa upp sennilegar staðhæfingar fyrir trú sinni, og hann hættir að leita sannleikans. Þesskonar mönnum tekst oft meða vel að sinnfæra sjálfa sig, en þeir sannfæra aldrei aðra. Ofstæki þeirra og ófrjálslyndi ber vott um innri ótta, og hin ófuga röksemdafærsla þeirra um óeinlæga og óvirkilega trú.

En svo er til annar flokkur manna, sem að vísu reynir ekki að deyða hjá sér sannfæringu sína, strax og hún verður nokkur, en hylma hana samt og fela. Þeir minnast aldrei á skoðanir, sínar frammi fyrir almienningu, en í þeimahúsum og við beztu vini sína fletta þeir ofan af sínum innstu hugrenningum, og láta þá í ljósi skoðanir, er þeir þyrðu ekki að tæpa á opinberlega.

Þótt það geti verið á stundum nauðsynlegt, að halda þannig sannleikanum leyndum, þá getur enginn annað sagt, en að það sé illt að þurfa þess, og hlýtur að leiða fyr eða síðar til ills eins og óhamingju. Það felst í sannfæringu hvers einasta manns eitthvað, sem verður að koma í ljós, og ekki er hægt að halda leyndu í það óendenlega. Fyr eða síðar kemur það út, og þá er uppi með alla hylmingu og alla þögn. Sá, sem rýfur þögnina, fær ekki að því gjört. En hann er þá orðinn sláturfórn sannleika þess, er hann reyndi að fela.

Aftur að hinu leytinu, að segja sig úr kyrkjunni, er ekki

eins létt sök og mörgum má virðast. Presturinn tilheyrir kyrkjunnini; hún er hans andlega borg. Í henni hefr hann búið alla sína æfi, svo að hún er orðin honum mjög kær. Að draga sig út úr er að segja skilið við allar fornar endurminningar, segja skilið við sína fyrrí æfi, sem í sjálfsu sér er hið mesta slys hverjum manni. En þannig lögurð slys verða stundum fram að koma, en þeim ætti að vera frestað, og að eins til þeirra gripið sem hinna sildustu örþriksráða. Eins lengi, og kann getur, ætti presturinn að vera allur þar sem hann er. Því þar sem hann er, þar á hann að vera. Það er samkvæmt gangi hlutanna og tilskipun guðs. Það hvorttveggja hefir fengið honum verkefni að vinna, og það er hans skylda að standa og standa stöðugur þar, unz að honum er hrundið út. Á því getur og hvílt velferð kyrkjunnar sjálfrar, að hann taki þann kostinn.

Hefði Jesús fylgt ráði biskupabréfsins ensku biskupakyrkjunnar, að draga sig hljóðlega í burtu út á meðal Grikkja, strax og hann varð var við hindurvitni og ósamkvæmni í trúarjátningu þjóðar sinnar, þá hefði hann að vísu tekið ómakilð af prestastétt Jerúsalemsborgar, að dæma hann til dauða, og þannig borgið lífi sín, en hann hefði aldrei að eilísu unnið heiminum með því hið minnsta gagn. Og lögmál það, sem þar réði í framkomu hans, er það lögmál, sem einn ræður í öllum andlegum og vitsmunalegum framförum heimsins. Til þess að verða að notum og köllun sinni trúr, verður spámaðurinn að flytja sína spá móti allri hjátrú og mannvonzu samtíðar sinnar, kyrkjju sinnar og föðurlands.

„Undir beru lofti“

Heitir sögusafn, sem fyrir skömmu hefir flutzt hingað vestur, og er útgefandi Oddur Björnsson, en höfundur Guðm. Friðjónsson.

Sögur þessar eru mjög einkennilegar eins og flest það, sem út hefir komið eftir þann ágætis höfund. Það eru allt dýrasögur, en þó um leið ótrúlega góður spegill íslenzka mannlífsins. Það er ekki oft maður heyrir samskonar sögur. Vanalegast eru dýrasögur, íslenzkar og útlendar, látnar gjörast að öllu leyti

innan dýraríkisins, grundvallaðar og lagðar út í dýraheiminum og skráðar á óskemtilegu og óskiljanlegu dýrsmáli, er fæstir eða engir úr mannheimum kannast við. Eða þá, eins og oft vill verða meðal „litlu spámannanna“, að dýrin eru notuð í stað málverka og „symbóla“ og eiga að tákna sálarástand höfundanna, „skugga og skýjarof“, sem fallið hafa á vegu þeirra,—álfst-kvakandi, sauð-jarmandi, snjótitlings tístandi ástaróra, þegar þeir hafa misst af „hjartadrotningunni“, og eru svo naumast einhami úr því. Þessir höfundar tilbúa sér ekki löfgjörðina „af munni barna og brjóstmylkinga“, heldur út úr langvíunefinu, krummagogginum og hundgánni.

En þessar sögur Guðmundar eiga ekkert skilt við þessar orþodoxu dýrasögur. Þær eru meistaralega sagðar og lýsa í hverri línu fyrirlitningu höfundarins á hjartaleysi og miskunareysi mannanna gagnvart þeim, sem undir þá eru gefnir. Ekki er frítt um að á sumum stöðum lýsi sér dálítil gremja yfir manndómsleysi lærlinga, líkt og í sögunni „Álftaveiðin“; og aftur í sögunni „Golti“ er fögur háðmynd vesturferðanna. Manni dettur ósjálfrátt í hug, að það sé fleiri en Golti, sem eltir sé nauðugir út fyrir landsteina fram á skip „að miklu leyti fyrir—tollskyldar værur.“ Lýsingin á fjárskipinu, þótt fáord sé, er ekki út í hött. Hvað margir muna eftir „Camoence“? Við söguna „Álfirnar á Sandvatni“ er einkennilegur endir: „Úti í tjörninni standa ennþá þúfurnar þrjár, uppmjóar og alinar háar, og er sinn grávíðitoppurinn í hverri þeirra. Þær eru minnisvarðar hjónanna hvítu, sem skammsýni mannanna og grimmd svipti börnum sínum og margri gleði.—Nú verpa sundhænur og lóuþrælar í dyngjum hjónanna—..“

Sögur þessar verða að sjálfsögðu ekki síðasta bók Guðm., enda væri það söknuður og skaði, ef manni þeim væri svo af-skömtuð æfin sökum erviðis og fjárskorts, að hann fengi ekki leyst fleiri slík verk af hendi.

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 ¼ erg. •• Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 704 Simcoe Street, Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 530 Young st. Winnipeg Man.